



*Prestur: sr. Práinn Haraldsson
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Kammerkór Akraneskkirkju
Einsöngur og gítar: Halldór Benjamín Hallgrímsson
Harmonikuleikur: Rut Berg Guðmundsdóttir
Útfararþjónusta Akraneskkirkju
Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness
Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni
að athöfn lokinni*



Karl Svanhólm Þórðarson

*Fæddur 23. janúar 1934
Dáinn 26. ágúst 2024*



*Útför frá Akraneskkirkju
fimmtudaginn 5. september 2024*

Tónlist fyrir athöfn

Forspil
Kvöldsigling
Gísli Helgason

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: :: Hærra, minn Guð, til þín, :: hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: :: Hærra, minn Guð, til þín, :: hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.
Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Ég er á langferð um lífsins haf
og löngum breytinga kenni.
Mér stefnu frelsarinn góður gaf,
ég glaður fer eftir henni.
Mig ber að dýrðlegum, ljósum löndum,
þar lífsins tré gróa' á fögrum ströndum
við sumaryl og sólardýrð.

Þá hinsti garðurinn úti er ég eygi land fyrir stöfnum og eftir sólfáðum sæ mig ber að sælum, blælygnum höfnum. Og ótal klukkur ég heyri hringja og hersing ljósengla Drottins syngja: “Velkominn hingað heim til vor!”	Lát akker falla! Ég er í höfn. Ég er með frelsara mínum. Far vel, þú æðandi dimma dröfn, vor Drottinn bregst eigi sínum. Á meðan akker í ægi falla ég alla vinina heyri kalla sem fyrri urðu hingað heim. Erlent lag - Valdemar V. Snævarr
--	---

Ritningarorð

Einsöngur
Minn bátur

Björn Eidsvåg - Halldór Benjamín Hallgrímsson

Guðspjall

Heyr mína bæn, mildasti blær. Berðu kveðju mína' yfir höf. Syngdu honum saknaðarljóð. Vanga hans blítt vermir þú sól vörum mjúkum, kysstu hans brá. Ástarorð hvísla mér frá.	Heyr mína bæn, bára við strönd. Blítt þú vaggar honum við barm, þar til svefninn sígur á brá. Draumheimi í dveljum við þá daga langa saman tvö ein. Heyr mína bænir og þrár.
---	---

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.	Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.
--	--

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.
Erlent lag - Ólafur Gaukur Þórhallsson

Minningarorð

Einsöngur
Rósin

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

Bæn / Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín, sem þekkir mig og verkin mín. Ég leita þín, Guð leiddu mig og lýstu mér um ævistig.	Ég reika oft á rangri leið, sú rétta virðist aldrei greið. Ég geri marget, sem miður fer, og man svo sjaldan eftir þér.
---	--

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.
Amerískt þjóðlag - Pétur Þórarinsson

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snögggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lífi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristi krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. Hallgrímur Pétursson
---	---

Blessun

Eftirspil
Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir